

Samningsumboð vegna þjónustusamnings um dagdvalir

Dagdvöl / Sveitarfélag: _____	Kennitala: _____
----------------------------------	---------------------

Ofangreindur rekstraraðili dagdvalar aldraðra felur hér með Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sambandi íslenskra sveitarfélaga (sambandið) umboð til gerðar samnings við ríkið um þjónustu í dagdvöl stofnunarinnar / félagsins / sveitarfélagsins. Fyrirhugað er að SFV og sambandið óski eftir samningaviðræðum við ríkið um þjónustusamning fyrir dagdvalir landsins.

Framkvæmdastjóri stofnunar / félags / sveitarfélags staðfestir umboðsveitinguna með undirritun skjals þessa. Samningsumboðið tekur gildi frá undirskriftardegi.

Sameiginleg samninganefnd SFV og sambandsins mun á grundvelli þessa umboðs sem stofnunin / félagið / sveitafélagið hefur veitt, annast allar samningaviðræður við ríkið eða Sjúkratryggingar Íslands um þjónustusamning fyrir dagdvalir. Umboðið nær til þess að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar / félagsins / sveitarfélagsins við samningsgerðina, öll samskipti ásamt upplýsinga- og gagnaöflunar í tengslum við samningaviðræður, semja um fyrirkomulag og endurgjald fyrir þjónustuna, ganga frá skjölum og samningi, undirritun þeirra, þ.m.t. samninga og öll önnur nauðsynleg skjöl. Gert er ráð fyrir að samninganefndin muni gera einn heildstæðan rammamning fyrir þjónustu í öllum dagdvölum sem nefndin fær umboð til, en hugsanlegt er að formið verði með öðrum hætti og samningarnir verði fleiri en einn.

Allt sem Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Samband íslenskra sveitarfélaga gera samkvæmt umboði þessu er jafngilt og umboðsgjafi hefði gert það sjálfur.

Umboð þetta gildir til og með 31. desember 2024.

Fyrir hönd stofnunar / félags / sveitarfélags:

Staður og dagsetning

Undirritun